

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað samkvæmt markmiðum sjóðsins eða hann sameinaður öðrum sjóði með sömu eða hliðstæð markmið. Ekki skal sjóðurinn lagður niður nema ríka nauðsyn beri til að mati stjórnarinnar og dómsmálaráðherra samþykki.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sjóðsins sem staðfest var 15. febrúar 1971 sem jafnframt er felld úr gildi.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1998.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

um kostnað vegna eftirlits með mannvirkjagerð og framkvæmdum á vegum Náttúruverndar ríkisins.

1. gr.

Gjald fyrir útseldan tíma fyrir eftirlit með mannvirkjagerð og framkvæmdum er kr. 3.750 án virðisaukaskatts.

Um gjöld fyrir akstur og dagpeninga fer samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur leggst á ofangreind gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 93/1996 og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. febrúar 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.